

AUGLÝSING um deiliskipulag á Keflavíkurflugvelli.

Utanríkisráðuneytið samþykkti þann 4. nóvember 2019 deiliskipulag öryggissvæðis á Keflavíkurflugvelli. Landhelgisgæsla Íslands fer með umráð yfir því svæði á Keflavíkurflugvelli í umboði utanríkisráðuneytisins. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013–2030.

Deiliskipulagið fjallar m.a. um afmörkun nýrra svæða fyrir starfsemi innan svæðisins s.s. svæði fyrir skammtíma gistiaðstöðu, efnisvinnslusvæði, gistsvæði, geymslusvæði og aðra landnotkun og starfsemi. Deiliskipulagssvæðið er um 760 ha að stærð og afmarkast samkvæmt auglýsingu nr. 720/2015 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða. Svæðið liggur að landsvæðum sem eru innan sveitarfélagamarka Reykjaneshús og Suðurnesjabæjar. Mörk megin svæðis til austurs og að hluta til suðurs eru að landi innan Reykjaneshús, til norðurs að svæði Isavia (svæði A) á Keflavíkurflugvelli og til vesturs og suðurs að landi innan Suðurnesjabæjar.

Gerðar voru breytingar á deiliskipulagstillöggunni í kjölfar innsendra ábendinga og athugasemda og liggja ábendingar og svör við þeim í viðauka 2 við greinargerð deiliskipulagsins. Helstu breytingar varða: skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar (kafli 3.2), texta um svæði fyrir hættulegan farm (kafli 4.1.2), texta um frágang er tímabundin mannvirki hafa verið fjarlægð, aðstöðu fyrir sorp við gistiaðstöðu og vindáhrif bygginga.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við 40. og 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi. Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er niðurstaða utanríkisráðuneytisins hér með auglýst.

Nánari upplýsingar um deiliskipulagið er hægt að fá hjá skipulagsfulltrúa öryggis- og varnar- svæða (skipulagsfulltrui@lhg.is).

Hægt er að kæra samþykkt skipulagsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þann 11. febrúar 2020.

Keflavíkurflugvelli, 28. janúar 2020.

F.h. utanríkisráðuneytisins og Landhelgisgæslu Íslands,

Sveinn Valdimarsson, skipulagsfulltrúi varnar- og öryggissvæða.

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2020